

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra HfSu til aðalfundar 2016

Á þessu áttunda starfsári félagsins, þ.e. 2015, voru haldnir fimm stjórnarfundir borið saman við sjö fundi 2014. Fjórir þeirra voru í Fjölheimum á Selfossi en einn á Kirkjubæjarklaustri. Á aðalfundi í maí 2015 gáfu tveir stjórnarmanna ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, þau Steingerður Hreinsdóttir sem hafði verið formaður stjórnarinnar frá upphafi, og Örlygur Karlsson sem einnig hafði setið í stjórn félagsins frá upphafi. Í þeirra stað komu inn í stjórnina þau Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari FSu og Sigurður Þór Sigurðsson formaður stjórnar Atorku, félags atvinnurekenda á Suðurlandi. Á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi skipti stjórnin þannig með sér verkum að Sveinn Aðalsteinsson er formaður og Kristín Hermannsdóttir er áfram varaformaður stjórnar félagsins.

Fastir starfsmenn félagsmenn voru þeir sömu og áður, Sigurður og Hrafnkell í fullu starfi á Selfossi, Nína í 70% starfi á Höfn og Ingunn í 50% starfi á Selfossi. Í árslok sagði Nína upp starfi sínu á Höfn, og var Eyrún Unnur Guðmundsdóttir félagsráðgjafi ráðinn í hennar stað um áramótin, en hún er með ráðningarsamning við Fræðslunetið. Áfram var náð samstarf við Fræðslunetið, bæði varðandi rekstur Fjölheima á Selfossi en einnig um starfsemina í Skaftafellssýslunum báðum. Áfram var unnið að því að skjóta fjárhagslegum stoðum undir aukna starfsemi félaganna eystra en enn hefur ekki tekist að útvega varanlegar fjárveitingar í þessu sambandi. Árni Rúnar Þorvaldsson hætti störfum í árslok 2014 en hann hafði verið í fullu starfi síðan um mitt ár 2013 og var starf hans fjármagnað af Sóknaráætlun Suðurlands. Hann var búsettur í Vík en hafði einnig umsjón með starfi félaganna á Kirkjubæjarklaustri. Lagt var upp með verkefnið sem þriggja ára verkefni en ekki tókst að ganga frá samningi um þriðja árið (2015) við SASS fyrir en 8. desember sl. Við þessar aðstæður var ákveðið að lækka starfshlutfallið í Vík í 50% frá og með upphafi árs 2015. Áslaug Einarsdóttir var ráðin til starfars og Ólafía Jakobsdóttir sinnir þjónustu á Kirkjubæjarklaustri eftir þörfum með verktakafyrirkomulagi. Samningurinn við SASS fjármagnaði þessa starfsemi á árinu 2015. Hvað austursýsluna varðar tókst í desember 2014 í samráði við Oddnýju Harðardóttur í fjárlaganefnd að fá 10 mkr tímabundna fjárveitingu og var hún færð á fjárlagalið Fræðslunetsins. Hún dugði m.a. til að fjármagna starf Nínu á Höfn en hún var með ráðningarsamning við Háskólafélagið.

Viðræður félagsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið um að koma fjárveitingum til félaganna í eðlilegt horf hafa engan árangur borið. Í svörum ráðherra á Alþingi hefur verið staðfest að engin reikniregla er fyrir hendi varðandi föst framlög til símenntunarmiðstöðva eða þekkingarsetra á landsbyggðinni, framlögin hafi verið ákveðin af Alþingi. Segja má að það hafi verið á elleftu stundu í desember 2015 að áskorun stjórnar Háskólafélagins til fjárlaganefndar skilaði sér í 10 mkr tímabundinni fjárveitingu til Fræðslunetsins í fjárlögum 2016 og 5 mkr tímabundinni fjárveitingu til Háskólafélagins. Það er eðli tímabundinna fjárveitinga að þær eru flestar strikaðar út í fjárlagavinnu næsta árs. Ekkert liggur fyrir á þessari stundu um fjárveitingar til félaganna í yfirstandandi fjárlagavinnu. Á sínum tíma höfðu t.d. Vestmanneyingar pólitískan styrk til að gera tímabundna fjárveitingu til þekkingarseturs Vestmannaeyja að varanlegri fjárveitingu en sama er ekki hægt að segja um okkur á sunnlenska fastalandinu. Varanleg árleg fjárveiting skv. fjárlögum samþykktum í desember 2015 til þekkingarseturs Vestmannaeyja er 27,6 mkr en 16,2 kr til Háskólafélag Suðurlands; til Visku, símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja er fjárveitingin 22,2 mkr en 22,4 mkr. til Fræðslunetsins. Ekki þarf að fjölýrða um mismuninn á þjónustusvæðum félaganna.

Á árinu urðu þau tímamót að fyrstu nemendur félagsins af lengri námsbrautum voru útskrifaðir en þar var um að ræða sjö nemendur af brautinni **Matvælabróuin – nýsköpun og stjórnun**, en á síðasta aðalfundi var gerð grein fyrir tilurð brautarinnar sem m.a. var unnin í samvinnu við matvælafyrirtæki í héraðinu. Mikil ánægja var meðal þátttakenda og fyrirtækjanna með námið og það voru því nokkur vonbrigði að einungis fjórir nemendur skiluðu sér í námið sl. haust. Ákveðið var eigi að síður að halda náminu aftur úti og luku nemarnir fjórir brautinni nú í byrjun maí; tveir starfsmenn frá MS á Selfossi, starfsmaður Pizzavagnsins í Laxárdal og starfsmaður Humars kokks á Höfn. Ákveðið hefur verið að námið verði ekki í boði í vetur.

Á árinu lauk stóru verkefni sem styrkt var mjög myndarlega af SASS um uppbyggingu meistara- og doktorsnáms á Selfossi í tengslum við Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði. Haldin voru árlega alþjóðleg sumarnámskeið í samvinnu félagsins og miðstöðvarinnar 2011-2014 en ekki reyndist næg þátttaka 2015 og í árslok 2015 var ákveðið að bjóða ekki upp á námið nú í sumar. Ein meginniðurstaða þessa verkefnis er að til þess að staðbundið nám af þessu tagi þrífist er nauðsynlegt að fá fasta fjármögnun inn í verkefnið, t.d. í gegnum Erasmus Mundus áætlun Evrópusambandsins. Sérfræðingar rannsóknarmiðstöðvarinnar vinna áfram að slíkri fjármögnun en þær hafa enn ekki fengist.

Háskólafélagið á aðild að Erasmus+ verkefni um Geo education í samvinnu við aðila í Króatíu og Portúgal auk Póllands sem leiðir verkefnið. Félagið tók á móti 15 manna hópi í lok júní í fyrra og síðan 24 manna hópi í október sem dvaldist í tæpa viku í Vík, en fyrri hópurinn fundaði á Selfossi og heimsótti fjölmarga samstarfsaðila félagsins. Þá hefur félagið sent hópa á sínum vegum til samstarfslandanna og lýkur verkefninu 2016 með fundi í byrjun júní og gerð lokaskýrslu. Verkefnið er nátengt Kötlu jarðvangi en félagið hafði sem kunnugt er forgöngu um stofnun jarðvangsins. Samtals munu 20 einstaklingar fara í 40 kynnisferðir í þessu sambandi, m.a. sveitarstjórar og oddvitar sveitarfélaganna þriggja sem standa að jarðvanginum auk m.a. kennara, skólustjóra, ferðaþjónustuaðila og starfsmanna félagsins. Er þess vænst að verkefnið hafi aukið skilning á eðli og rekstra jarðvanga.

Á árinu var ákveðið að leggja áherslu á þróun náms fyrir stjórnendur og annað starfsfólk í ferðaþjónustu. Leitað var samstarfsaðila erlendis auk samstarfs við Ferðamálastofu, Rannsóknarmiðstöð ferðamála auk aðila í ferðaþjónustu í héraðinu. Niðurstaðan var tveggja ára Erasmus+ verkefni sem félagið leiðir undir stjórn Gunnar Jónsdóttur. Erlendu samstarfsaðilarnir eru University of the Highlands and Islands í Skotlandi og University of Malaga á Spáni. Áherslurnar í náminu voru þróaðar í samstarfi við sunnlensku fyrirtækin, erlendu háskólarnir útbúa námsáfanga í samræmi við þær og Háskólafélagið prufukeyrir námið veturinn 2016-2017. Þá var stofnað til formlegs samstarfs við Fræðslunetið í þessu sambandi.

Á árinu lauk aðkomu félagsins að verkefninu Icelandic Horse Expo en það naut tvívegis stuðnings úr Vaxtarsamningi Suðurlands. Um var að ræða tæplega viku dagskrá í byrjun apríl ár hvert þar sem erlendir aðilar eiga þess kost að kynnst sunnlenskum hrossaræktarbum. Hrafnkell Guðnason leiddi verkefnið og er nú gert ráð fyrir að verkefnið haldi áfram sem fastur liður í ferðamennsku og hestamennsku héraðsins.

Framkvæmdastjóri félagsins hefur áfram haft aðkomu að Kötlu jarðvangi. Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn að jarðvanginum í byrjun árs 2015, Brynja Davíðsdóttir, og báru þau hitann og þungann af úttekt (revalidation) hans að aflokinni fjögurra ára aðild að European and Global Geoparks Network. Niðurstaða hennar var svokallað gult spjald, þ.e. áframhaldandi vottun en einungis til tveggja ára, þ.e. til 2017 þegar jarðvangurinn þarf aftur að gangast undir úttekt. Ljóst er að það er þessum fámennu sveitarfélögum erfitt hlutskipti að standa ein að rekstrinum en ekki hefur tekist að fá stuðning stjórnvalda við þetta vel heppnaða verkefni. Í lok ársins samþykkti aðalþing UNESCO að taka upp Jarðvangaskrá UNESCO (UNESCO Global Geoparks), hliðstætt við Heimsmínjaskrá UNESCO. Viðhald vottunar Kötlu jarðvangs felur í sér aðild að þessu vörumerki sem á örugglega eftir að verða verðmætara með tíð og tíma.

Félagið kom að margvíslegu samstarfi öðru á árinu, t.d. ráðstefnu um byggðina á Brunasandi í Þjóðminjasafninu, starfamessu í FSu, ársfundi Kirkjubæjarstofu, ársfundi þekkingarsetra í Fjölheimum, námskynningum háskóla og háskólahátíð í Fjölheimum. Þá er ótalin umtalsverð þjónusta við háskólanemendur, bæði varðandi fjarkennslu og fyrirlögn prófa, sem voru um eitt þúsund talsins.

Þetta er vissulega skýrsla ársins 2015 en það má geta þess að á árinu 2016 hafa bæst við ný verkefni skv. samningi við SASS og er þess vænst að þau styrki rekstrargrundvöll félagsins auk þess sem þau falla vel að markmiðum félagsins um byggðaþróun. Þrátt fyrir það er það áfram áleitinn spurning hvort ekki eigi að stefna að því að sameina félögin tvö, Fræðslunetið og Háskólafélagið. Það mundi í öllu falli einfalda rekstur Fjölheima og starfsemi félaganna í Skaftafellssýslum. Ef til kæmi er mikilvægt að vandað sé til verka, dæmin sanna mikilvægi þess. Styrkleikar hvors félags mega ekki tapast og mikilvægt að ekki aukist yfirbygging og stjórnunarkostnaður. Þá er mikilvægt að treysta samstarfið enn frekar við atvinnulífið í héraðinu.